

Minnisblað


Dagsetning: 17. desember 2021
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021 – Eldborg undir Geitahlíð

Eldborg undir Geitahlíð er gjallgígaröð og er Stóra-Eldborg einn af fegurstu gígum Suðvesturlands. Stóra-Eldborg og Litla-Eldborg ásamt nærliggjandi svæði var friðað árið 1987.

Framkvæmd

Eldborg var heimsótt alls tvisvar sinnum yfir sumarið; þann 29. júní og 2. júlí 2021. Ástæðan fyrir tveimur ferðum var slæmt skyggni til drónamyndatöku í júní. Aðalgöngustígur svæðisins var genginn og mat lagt á innviði ásamt ástandi gróðurs og jarðminja. Notast var við spjaldtölvu og dróna (1. mynd) til að taka ljósmyndir af skemmdum á gróðri, jarðminjum og innviðum. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar. Allar upplýsingar voru skrásettar á þar til gerð eyðublöð.



1. mynd. Yfirlitsmynd úr dróna af Stóru-Eldborg (til vinstri) og Litlu-Eldborg (til hægri). Á myndunum má sjá að umhverfi Stóru-Eldborgar er fjölbreytt og óraskað en við Litlu-Eldborg er búið að raska aðal gígnum mikið

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að færa myndir úr vöktun í gagnagrunninn FotoWare. Búið er að færa upplýsingar af eyðublöðum inn í gagnagrunn NÍ. Helstu niðurstöður úr vöktun þessa árs eru eftirfarandi:

Búið er að útbúa nýtt bílastæði við upphaf gönguleiðar að Eldborg. Bílastæðið rúmar um fimm bíla. Við bílastæðið er vegvísir sem bendir að nýrri gönguleið að Eldborg en á honum stendur þó Geitahlíð.

Göngustígurinn upp að Eldborg var ekki tilbúinn þegar þangað var komið en verið var að leggja lokahönd á verkið. Göngustígurinn er vel afmarkaður langleiðina og stikaður upp að Eldborginni (2. mynd). Hann hefur verið lagður í gamlar gróðurskemmdir en gróðurinn mun að öllum líkindum jafna sig utan merkinga nýja stígsins. Malarefni stígsins voru góð og af réttri stærð.



1. mynd. Nýlagður göngustígur upp að Eldborg



2. mynd. Haldreipi á göngustíg upp Eldborg.



Sett hafa verið reipi við stíginn upp Eldborg og ofan á gígnum sem gagnast sem haldreipi og lokanir til að vernda viðkvæman gíginn og afgirða hættuleg svæði (3. mynd).

Mögulegt er að keyra að Litlu-Eldborg en þar hefur verið útbúið bílastæði og aðgengi að gígnum lokað. Þrátt fyrir þetta mátti þar sjá nýleg hjólför eftir bíla.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Með nýjum göngustíg og lokunum á gígbarminum má gera ráð fyrir að búið sé að vernda viðkvæmustu hluta svæðisins. Því er talið að nægilegt sé að vakta svæðið annað hvert ár.